

3. bekkur

Heimanám / skólanám

Foreldrar barna í grunnskóla bera ábyrgð á námi og ástundun barna sinna. Heimilin geta hjálpað börnunum gríðarlega með lestrarþjálfun, samskipti og heilsuefandi lífshætti sem styrkja börnin í námi sínu í skólanum. Hvíld, mataræði, vangaveltur um tilfinningar eða lausnir mála, jákvæðni, hugarró og hvernig á að taka þátt í daglegu lífi eru mikilvægir þættir sem börnin læra heima og í skólanum. Börnin læra margt af því að fá **tækifæri**: fyrst til að fylgjast með, svo undir **leiðsögn** fullorðinna og síðan á **eigin ábyrgð**. Stundum þarf að endurmeta, breyta lítillega og æfa eitthvað betur áður en börn geta borið ábyrgð sjálf. **Endurtekning** er oft nauðsynleg til að ná góðum tókum á nýrri færni. Góð samvinna milli heimilis og skóla og stuðningur við börnin á báðum stöðum er því lykilatriði sem stuðlar að vellíðan barna og sterkari sjálfsmynd þeirra.

Heimanám í vetur tengist aðferðum Byrjendalæsis og verður með ýmsu móti. Lögð er áhersla á að hægt verði að skapa stund þar sem nemendur og foreldrar geta skoðað, lesið, skrifað, spjallað eða spilað saman til að vinna enn frekar að markmiðum námsefnisins. Ekki er gert ráð fyrir miklu heimanámi fyrir utan **heimalesturinn** en hann er sérlega mikilvægur að lágmarki 10-15 mínútur a.m.k. 5 sinnum í viku upphátt. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að nýta öll möguleg tækifæri heima til að lesa, skrifa og spjalla saman til að auka orðaforða, eftirtekt, færni og skilning.

Vinnusvæði

Á stundatöflu vetrarins bera margir tímar hjá umsjónarkennara heitið *Vinnusvæði*. Í þessum tímum er samþætt kennsla í mörgum greinum, þó að mikil áhersla sé lögð á stærðfræði og íslensku. Í vinnusvæðatímum er 3.bekkur stundum sér, stundum með 1. eða 2.bekk og stundum í blönduðum hópum með nemendum úr 1.-4.bekkjum.

Útinám

Í stundatöflunni er gert ráð fyrir föstum tímum í útinámi þar sem nemendur kynna sér umhverfið sitt, mismunandi veðráttu og leiki og efla samskipti sín við bekkjarfélaga sína. Einnig verða verkefni í ýmsum greinum sem verða unnin úti eða í tengslum við nærsamfélag og umhverfi nemenda. Því er nauðsynlegt að nemendur séu tilbúnir alla daga til útiveru og klæddir eftir veðri. Nemendur í 1. og 3.bekkjum verða saman í útinámstímum með 2 kennurum, en munu stundum einnig vinna með 2. eða 4.bekk í útinámi.

Ferilmöppur

Haldið verður áfram að safna í ferilmöppuna verkefnum sem nemendur vinna í vetur. Stefnt er að því að mappa fylgi nemendum upp í 10. bekk. Notkun ferilmöppu hefur það að markmiði að virkja nemendur í eigin námi svo þeir öðlist aukið sjálfstæði með því að setja sér markmið og meti frammistöðu sína og eru verkefnin sem sett eru þar inn sýnishorn af þeirri vinnu. (Ellmin 1999)

Dans

Markmið:

- Að veita nemendum tækifæri til að hreyfa sig í takti við tónlist og önnur hljóð.
- Að átta sig á og kanna mismunandi rými fyrir dansspuna.
- Að efla félagsþroska nemenda í gegnum dans.
- Að nemendur læri grunnspor ýmissa dansa, s.s. spuna, hópþansa, samkvæmisdansa, íslenska og erlenda þjóðþansa, kúrekadansa, hip hop o.fl.

Kennslufyrirkomulag: Í vetur verða 3. og 4. bekkur saman í dansi eina kennslustund í viku. Lögð verður áhersla á líkamstjáningu, ýmsar hreyfingar, fjölbreytta dansa og að nemendur læri grunnkurteisisreglur í dansi einstaklingslega, í hópum og þar sem „par“ dansar saman.

Námsefni: Alls kyns tónlist, myndbönd o.þ.h.

Námsmat: Þátttaka nemenda í hverri kennslustund verður metin ásamt kurteisi við dansfélaga.

Kennari: Michelle Mielnik

Enska

Markmið: Að nemendur

- geri sér grein fyrir mikilvægi enskunáms.
- þjálfist í að nota einfaldar hversdagslegar setningar.
- geti sungið einfalda texta á ensku.
- kunni að segja heiti bókstafa á ensku.
- skilji algeng orð sem eru notuð í ensku bæði í töluðu máli og skrifuðu

Kennslufyrirkomulag: Enskukennsla verður samþætt textum / bókum með margvíslegum aðferðum í anda byrjendalæsis. Kennslan fer fram með leikjum, söngvum, spilum en einnig með munnlegum og skriflegum æfingum. Í vetur verður 3. bekkur í ensku eina kennslustund í viku.

Námsefni: Valin verkefni af netinu og frá kennara og valdir textar eða sögur á ensku. Ýmsir leikir.

Námsmat: Þátttaka metin til umsagnar. Nemendur meta stundum sjálfan sig.

Kennari: Michelle Mielnik

Félagsstarf

Markmið: Að efla félagsþroska nemenda.

Kennslufyrirkomulag: Félagsstarfið er í Fellaskóla fyrir nemendur í 1. – 4. bekkjum á miðvikudögum kl. 14.50-15.30 og fimmtudögum kl. 14.10-14.50. Viðfangsefnin eru fyrst og fremst leikir af ýmsu tagi, bæði úti og inni. Það er ekki skyldumæting í félagsstarf, en foreldrar þurfa að skrá barn sitt í félagsstarf og láta vita ef barnið á ekki að mæta af einhverjum ástæðum.

Umsjón: Sigurrós og Kristín Hrönn á miðvikudögum og Ingibjörg Ásta og Kristín Hrönn á fimmtudögum.

Heimilisfræði

Markmið: Að nemandi

- sýni hjálpsemi og tillitsemi og vinni með gleði og jákvæðu hugafari.
- læri að hollur morgunverður er undarstaða vellíðunar og fái innsýn í hvað eru góðar matarvenjur.
- viti hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollar og aðrar óhollar og skoði drykki sérstaklega.
- þekki algeng eldhúshöld, geti mælt í heilum og hálfum dl. og kunni að nota mæliskeiðar og æfist í að fara eftir einföldum uppskriftum.
- fái þjálfun í að hreinsa, flysja, skera og rífa niður grænmeti.
- temji sér hreinlæti við matreiðslu og læri að vaska upp og ganga frá eftir sig í eldhúsi.
- læri um næringarefni og hvaða fæða er rík af hvaða næringarefnum.
- læri um þjóðlegan mat.
- viti það að spara (t.d. sápu) er fjárhagslega og umhverfislega hagkvæmt og læri um umhverfisvernd og að flokka sorp.
- læri að leggja á borð, temji sér borðsiði og kurteisi.
- kynnist störfum á heimili og verkaskiptingu.

Kennslufyrirkomulag: 3. bekkur er í tvöföldum tíma aðra hverja viku.

Námsgögn : Heimilisfræði 3 og verkefni frá kennara.

Kennsluaðferðir: Verklegar æfingar, sýnikennsla og umræður.

Námsmat: Umsagnir þar sem metin er vinna í tímum, verkefni, bókleg eða munnleg, frágangur og hegðun.

Kennari: Ingiborg Jóhanna Kjerúlf

Íslenska

Markmið:

- Að nemandur haldi áfram að ná aukinni færni í lestri, skrift, ritun, málfræði, hlustun og framsögn.
- Að nemandur þjálfist í að tengja lestur, ritun og talað mál.
- Að nemandur kynnist íslenskum og erlendum bókmenntum og höfundum þeirra.
- Að nemandur þjálfist í að lesa í hljóði sér til ánægju og yndsauka.
- Að nemandur læri að leika sér og vinna með tungumálið.

Kennslufyrirkomulag: Unnið eftir skipulagi Byrjendalæsis. Nemandur vinna með ýmiss konar texta (sögur, textar og ljóð) á margvíslegan hátt, t.d. með spilum, leikjum, þrautum og verkefnum og greiningu. Einnig verður lestrarstund 1x í viku með lestrarfélaga úr öðrum bekkjum. Sú stund verður þannig að 2 nemandur setjast saman og skoða/lesa hvor fyrir annan og æfa sig í að hlusta og spyrja síðan spurninga.

Námsefni: Kennsluáætlanir Byrjendalæsis tengdar ákveðnum barnabókum eða textum. Ýmsar lestrar og sögubækur við hæfi hvers og eins. Bækur með gæðatextum og verkefni frá kennara út frá þeim. Skrift 1 og 2 og Ljóð handa börnum.

Námsmat: Leshraða- og lesskilningspróf verða lögð fyrir á hverri önn. Mat verður lagt á virkni, vinnu, skilning sem og frágang. Auk þess sem nemandur þjálfast einnig í að meta eigin vinnu og framistöðu.

Kennari: Michelle Mielnik

Íþróttir

Markmið:

- Að nemendur fái mikla og góða hreyfingu í hverjum tíma.
- Að þjálfar samhæfingu nemenda.
- Að nemendur þjálfist í grunnhreyfingum og í notkun ýmissa áhaldna.
- Að nemendur vinni saman og eflist í samskiptum og samvinnu.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsir leikir og æfingar sem auka líkamsvitund, félags- og tilfinningaþroska.

Einnig verður reynt að kynna allar helstu íþróttagreinar sem þekktar eru á Íslandi.

Við **námsmatið** verður tekið tillit til:

- Virkni nemenda í tímum
- Hvort nemendur taki tillit hver til annars og geti unnið í hópum
- Hvernig nemendum gengur að fylgja fyrirmælum og fara eftir reglum, t.d. í leikjum.
- Hegðunar og framfara.

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Kennari: Kristján Freyr Óðinsson

Lestrarpróf

Markmið: Að nemendur

- geti fylgst með árangri í leshraða, öryggi, nákvæmni og síðar framsögn.
- fái tækifæri til að setja sér markmið í lestri í samráði við kennara.

Fyrirkomulag: Nemendur fara í sérstök lestrarpróf 2-3 sinnum á ári. Byrjað er á því að fara yfir árangur frá síðasta prófi og markmið sem sett voru þá. Í hraðaprófi lesa nemendur texta upphátt fyrir kennara í 2 mínútur. Hraði er mældur í orðum og atkvæðum á mínútu. Fyrir nákvæmni og öryggi er tekið til greina hvernig nemandi les, endurtekningar, hik, villur, leiðréttingar o.þ.h. Kennari og nemandi fara saman yfir stöðuna strax og setja sér markmið fram að næstu önn. Eftir að nemandi hefur náð 250-280 atkvæðum á mín. í leshraða (200-250 hjá nemendum með lestrarörðugleika) einbeittir hann sér frekar að framsögn/upplestur. Þá er áhersla lögð á skýrleika, hæfilegan hraða, leiklestur og svo innlifun og hrynjanda í ljóðalestri. Síðar bætast við augnsamband og líkamsstaða. Rætt er við nemandann um áframhaldandi æfingar og nýtt markmið sett.

Námsefni: Textar á lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun (Lesfimiþróf Lesferils), ýmis ljóð og bækur valdar af kennara til upplestrar. Viðmið leshraða í Fellaskóla fyrir lok 3.bekkjar eru 140-170 atkvæði á mínútu.

Námsmat: Allar niðurstöður verða birtar foreldrum jafnóðum og hver bekkur hefur verið prófaður.

Kennari: Michelle Mielnik

Lífsleikni

Markmið:

- Að efla alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.
- Að efla sjálfsmynd nemenda og samskiptahæfni.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu.

Kennslufyrirkomulag: Lífsleikni fléttast inn í allt skólastarfið. Rætt verður á almennan hátt um málefni líðandi stundar, fréttir, trúarbrögð og siði eftir því sem við á hverju sinni.

Námsmat: Þátttaka nemenda og vilji til samvinnu og sáttfýsi verður metin jafnóðum.

Kennarar: Michelle Mielnik

Myndmennt

Að nemandi :

- skoði myndir m.t.t. þátta eins og kvöld, nótt, dagur, gleði, sorg o.s.frv.
- noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við myndsköpun.
- vinni myndverk á mismunandi tegundir pappírs, s.s. þrykk, klippimynd, teiknun og málun.
- blandi liti úr frumlitum, læri um áhrif lita (kalt og heitt) og læri um litatóna.
- vinni með grunnformin í myndgerð.
- læri hugtökin myndbygging, forgrunnur, miðrými, bakgrunnur, kyrrð og hreyfing.
- viti að menning þjóða eins og þjóðsögur, ævintýri og goðsögur hafa áhrif á myndlist þjóða.
- skoði fjall eða landslag í myndum nú og áður.
- læri að ganga vel um myndir, efni og áhöld

Kennslufyrirkomulag: 3. bekkur fær tvo tíma aðra hverja viku.

Námsgögn: Verkefni frá kennara, Myndmennt 1, Internetið og efni til myndsköpunar.

Kennsluaðferðir: Sköpun, sýningar, hópverkefni, tjáning, námsleikir.

Námsmat: Umsagnir þar sem metið er sérstalega, vinna í tímum, verklag, sköpun, frágangur og samvinna við kennara og nemendur.

Kennari: Halla Helgadóttir

Náttúrufræði

Markmið:

- Að nemendur kynnist Íslandi í máli og myndum.
- Að nemendur læri um eldgos á Íslandi og hvernig þau haga sér.
- Að nemendur þekki helstu jökla á Íslandi og fræðist um þá.
- Að nemendur þjálfist í að nýta sér fræðitexta, leita upplýsinga um ákveðið viðfangsefni.

- Að nemendur æfist í kortalestri og kortagerð.
- Að nemendur læri að vinna og nýta sér hugtakakort og fleiri hjálpartæki til þess að efla skilning.
- Að nemendur efli áhuga sinn og þekkingu, auk þess að læra um ábyrgð manneskjunnar á umhverfi sínu og náttúrunni.

Kennslufyrirkomulag: 3. og 4. bekkur eru saman í náttúrufræði. Unnið með texta sem tengist efninu hverju sinni; hlustun, skráning, tilraunir, vettvangsferðir, umræða og orðavinna til þess að dýpka skilning á viðfangsefninu.

Námsefni: Komdu og skoðaðu eldfjöll, Komdu og skoðaðu landakort, efni á veraldarvef, bækur af bókasafni og fleira. Námsefnisval tengst einnig kennsluáætlunum í byrjendalæsi.

Námsmat: Lagt verður mat á vinnu, áhuga og þátttöku nemenda.

Kennari: Harpa Rós Björgvinsdóttir

Stærðfræði

Markmið:

- Að nemendur haldi áfram að ná góðum tókum á grunnaðferðunum sem áframhaldandi stærðfræðinám byggist á og læri að nota táknmál stærðfræðinnar og tengja það daglegu lífi.
- Að stuðla að skapandi hugsun og sjálfstæði hjá nemendum á sviðum er tengjast stærðfræðinni.
- Að gera sér grein fyrir hugtakanotkun í stærðfræði.
- Skilja og geta útskýrt hugtök eins og sætisgildi, einingum, tugum og hundruðum, frádrætti, samsíða, speglunarás, margföldun, flatarmál, metrakerfi o.fl.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur vinna fjölbreytt stærðfræðiverkefni. Þeir ræða um og útskýra viðfangsefnið og nota þau hjálpargögn sem þroski þeirra og geta leyfir. Í þrautalausnum skrá nemendur lausnir sínar niður með texta, myndum og táknum.

Námsefni: Sproti 3a og 3b æfingahefti. Ýmsar þrautir og verkefni frá kennara. Kennsluforrit. Verkefni og leikir frá kennara, Sproti 1a og Sproti 1b og æfingahefti, Numikon auk ýmissa kennslugagna s.s. ýmiskonar kubbar, numicon, klukka, kennslupeningar, spil, rökkubbar, mælitæki og fleira tiltækt.

Námsmat: Stuttar kannanir í námsbók. Gátlisti kennara. Einnig er lagt mat á vinnu, hegðum og umgengni nemenda í tímum.

Kennari: Michelle Mielnik

Sund

Markmið: Nemendur haldi áfram að læra bringu- og skriðsund og bæti svo við armtökum í skólábaksundi og baksundi. Einnig köfun eftir hlut.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsar æfingar og leikir ásamt æfingum í sunnaðferðum sem stuðla að betri færni.

Námsmat: Áhugi, virkni, hegðun og 3. sundstig.

Kennari: Kristján Freyr Óðinsson

Textílmenn

Markmið: Að þjálfar nemendur í fínhyfingum. Að nemendur læri að þekkja mismunandi aðferðir og efni og vinni tengd verkefni. Að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika nemenda. Að efla samstarfsvilja og sjálfstraust nemenda.

Kennslufyrirkomulag: Áhersla verður lögð á einstaklingsvinnu sem og samvinnu nemenda sem byggir á samstarfi við aðra, þolinmæði og tillitssemi.

Nemendur læra mismunandi aðferðir í textílmenn og fá þjálfun í að nota áhöld og verkfæri. Áhersla verður lögð á umgengni og frágang. Unnið verður m.a. með árstíðabundin verkefni, vefnað, ullarþæfingu, útsaum, tauþrykk, vélsaum og garnvinnu ýmiskonar.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat: Samskipti við kennara og samnemendur, verklag og viðleitni, frágangur og skil á verkefnum.

Kennari: Þórey Birna Jónsdóttir

Tónmennt

Markmið: Að nemandi læri að þekkja algengustu tónlistartákn og öðlist færni í að nota líkama og rödd við tónlistarflutning. Í 4. bekk eru helstu klassísku tónskáldin kynnt fyrir nemendum og nemendur læra um hvernig tónlist þeirra hefur þróast fram á okkar tíma. Í 6. bekk er byrjað með námsefni sem heitir Hljóðspor sem fjallar um hvernig tónlistarsköpum á tímum þrælahalds hefur þróast fram á okkar daga, og er unnið með þetta námsefni í 7. bekk líka ásamt fleiru sem kennari og nemendur vinna að saman í tímum. Að nemandi þekki hin ýmsu hljóðfæri og tónlistarstefnur ýmissa landa.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur í 1.–6. bekk eru í Tónmennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Nemendur vinna oft saman í hópum og gera margvísleg verkefni tengd tónlist t.d. hlustun, verkefnavinna, tónsköpun með hljóðfærum, söngur og dans.

Námsefni: Í 1.–6. bekk eru lagðar til grundvallar námsbækurnar, tónmennt 1 – 4, Leikum og syngjum, Það var lagið, Tónlistarprautir, Ópus 1, Hljóðspor, Tónlist og líkaminn, Tónlist og umhverfi og efni af nams.is og verkefni sem kennari útbýr.

Námsmat: Nemendur í 1.–6. bekk taka ekki próf heldur er gefin umsögn sem er byggð á vinnu og hegðun í tímum.

Kennari: Drífa Sig.

Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið:

- Að nemandinn noti rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu við tölvuvinnu.
- Að nemandinn verði fær um að nýta sér tölvur til gagns og gamans í námi sem og almennri leit eða nýtingu upplýsinga.
- Að nemandinn læri að vinna í ýmsum forritum sem þjálfar ýmsa þá þætti sem nemendur eru að fást við í skólanum.

Kennslufyrirkomulag: Reynt verður að flétta og nýta þessa tækni sem mest inn í annað nám nemenda svo að þetta verði sem eðlilegastur þáttur hins daglega lífs. Einnig læra nemendur á nokkur kennsluforrit. Nemendur halda áfram að kynnast ritvinnsluforritum eins og t.d. Word og vinnu á veraldarvefnum.

Námsefni: Verkefni í Word, Fingrafimi, Fingraleikir, ýmis tölvuforrit, veraldarvefurinn og fleiri verkefni í tengslum við aðra vinnu.

Námsmat: Þátttaka og verkefnavinna verður metin til umsagnar.

Kennari: Michelle Mielnik

Safnakennsla

Markmið:

- Að nemendur kynnist safninu og hvernig hægt er að nýta það til fróðleiks og yndisauka.
- Að nemendur finni og kynni sér efni sem tengist ýmsum kennsluáætlunum Byrjendalæsis.
- Að nemendur kynnist fræðibókum og hvernig má nýta þær í námi.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur koma einu sinni í viku á skólasafnið og vinna þar að markmiðum safnakennslunnar.

Námsefni: Mýsla sýslar á skólasafni, bókakostur skólasafnsins.

Námsmat: Lagt mat á þáttöku og verkefnavinnu.

Kennari: Harpa Rós Björgvinsdóttir